



Selfossi, 20. janúar 2022

### ***Efni: Beiðni um styrk til Styrktarfélags Klúbbsins Stróks***

Klúbburinn Strókur á Selfossi hefur sýnt fram á gildi sitt sem endurhæfingar- og virknimiðstöð fyrir íbúa á Suðurlandi sem þurfa á stuðningi að halda í framhaldi af andlegum veikindum og/eða glíma við félagslega einangrun. Starfsemi Stróks hefur stórákist síðustu ár og eru félagar okkar þakklátir fyrir að geta sótt slíkt úrræði í eða nálægt sinni heimabyggð.

Grunnrekstrarfé Stróks í gegnum gildandi þjónustusamning við Vinnumálastofnun dugir ekki fyrir grunnrekstrargjöldum félagsins. Þörfin á þjónustu sem okkar er mikil og þá sérstaklega á þessum undarlegu tímum sem Covid-19 hafa fært okkur. Huga þarf enn betur að geðheilsu fólks og þá sérstaklega þeim sem eiga fáa eða engan að, eru utan vinnumarkaðar og/eða glíma við geðsjúkdóma. Með þessu bréfi óskum við hjá Strók eftir styrk frá ykkar bæjarfélagi/sveitarfélagi til stuðnings okkar góðu starfsemi.

Hér að neðan eru nánari upplýsingar um starfsemina.

Ef einhverjar frekari spurningar eru varðandi starfsemi Stróks og/eða ef frekari gagna er óskað má senda tölvupóst á Fjólu Einarsdóttur forstöðumann á netfangið: [fjola@strokur.is](mailto:fjola@strokur.is) eða hafa samband í síma 690-9690.

### ***Starfsemi Klúbbsins Stróks***

Klúbburinn Strókur er starfræktur á Selfossi en um er að ræða sjálfseignarstofnun sem býður upp á athvarf og félagsskap fyrir alla einstaklinga á Suðurlandi sem glímt hafa við geðraskanir og/eða félagslega einangrun. Klúbburinn hefur verið starfræktur frá árinu 2005 og er þjónustusvæðið Árnessýsla, Rangárþing og V- Skaftafellssýsla.

Strókur hefur það að markmiði að styðja við bataferli með því að bjóða upp á virkni og endurhæfingu sem næst heimabyggð. Einnig er markmiðið að auka tengsl fólks og efla einstaklinginn til sjálfshjálpar, stuðla að endurkomu út á vinnumarkað, fyrirbyggja innlagnir og brjóta niður fordóma. Strókur er opin mánud. – fimmtud. frá kl. 8:30 – 15:00. Enginn kostnaður eða kvaðir fylgja því að vera virkur þátttakandi í Strók. Ávallt er unnið út frá styrkleikum hvers einstaklings og í öllu starfi klúbbsins er

virðing og jákvæðni höfð að leiðarljósi. Virkir félagar í Strók voru 65 talsins 2021 en 43 árið 2020, daglegt rennsli í húsið er frá 20-30 manns.

Öll starfsemi Stróks miðar að því að styrkja einstaklinga með þrenns konar hætti, það er félagsleg virkni, iðja/starfshæfni og heilsuefling. Dæmi um dagskrárliði sem boðið er upp á er: Hugleiðsla, vatnsleikfimi, göngutúrar, vettvangsferðir, iðja, vinna í tækniveri, akrýlmálun, fluguhnýtingar, fjölbreytt námskeið og fyrirlestrar. Í hádeginu er seldur heimilismatur gegn vægu gjaldi og sjá félagar Stróks um að aðstoða við undirbúning og frágang. Frá 2017 hefur aukið áhersla verið lögð á að efla samvinnu við stofnanir svo sem félagsþjónustur, Virk starfsendurhæfingarsjóð, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Landspítala, Reykjalund, HNLFÍ, Aðhlyningu og aðra eftir atvikum. Hefur þessi aukna samvinna skilað sér í meiri aðsókn í Strók. Eins hefur þetta skilað sér í betri samfelli í málum einstaklinga, markmiðið er að þeir stoppi styttra við í bótakerfinu og komist fyrir út á vinnumarkað eða í aðra virkni. Meira er nú um að einstaklingar sem byrja í virkni í Strók komist á þann stað heilsufarslega að geta sótt um atvinnu með stuðningi og er það afar jákvæð þróun sem við viljum sjá meira af. Ekki síst er hvað mikilvægt að ná til ungs fólks sem hefur þurft að hverfa frá vinnumarkaði vegna andlegra veikinda og styðja það til virkni og þátttöku í samfélaginu. Til þess að markmið okkar geti náðst þurfum við að hafa fagmenntað starfsfólk sem hefur þekkingu og færni til að sinna endurhæfingu hjá viðkvæmum skjólstaðingahópi.

Oft er þörf en nú er nauðsyn því skrifa ég ykkur þetta bréf með von um að bæjarfélögin/sveitarfélögin á okkar svæði styðji við Strók. Sjá hér að neðan starfsáætlun Stróks fyrir árið 2022.

## Starfsáætlun Stróks 2022

### Leiðarljós

- Stuðla að auknum lífsgæðum þeirra sem nýta sér þjónustu Stróks með því að auka félagslega virkni þeirra.

### Hlutverk

- Opið hús frá kl. 8:30 til 15:00 mánudaga til fimmtudaga.
- Styðja við bataferli notenda heilbrigðiskerfisins þannig að fólk með geðraskanir og/eða félagslega einangrun fái úrræði við sitt hæfi í heimabyggð.
- Styðja við atvinnuleitendur og hvetja þá til virkni í sinni atvinnuleit.
- Auka tengsl fólks og efla einstaklinginn til sjálfshjálpar, stuðla að virkni og endurkomu út á vinnumarkað, fyrirbyggja innlagnir og brjóta niður fordóma.

### Gildi

- Virðing, virkni og velferð. Bera virðingu fyrir okkar félögum og samstarfsaðilum, stuðla að velferð félaga Stróks með því að auka virkni þeirra og efla frumkvæði.

### Verkefni

- Þjóða upp á fjölbreytta dagskrá í húsi þar sem ólíkir einstaklingar geta fundið eitthvað við sitt hæfi í hverri viku. Vera í samráði við félaga um hvaða dagskrá skal þjóða upp á og ýta undir frumkvæði einstaklinga til að taka þátt í skipulagningu dagskrárgerðar.
- Þjóða reglulega upp á viðburði þar sem allir geta tekið þátt – t.d. stuttar dagsferðir, jólahlaðborð, þorrablót, grill og gaman í garðinum o.fl. sem gert er saman á dagvinnutíma.
- Halda basar þar sem afrakstur smiðjunnar í húsi er seldur. Mikilvægt að félagar taki virkan þátt í öllu ferlinu.
- Þjóða upp á námskeið í setningu markmiða sem sérhannað er fyrir atvinnuleitendur. Aðstoða atvinnuleitendur við að komast aftur út á vinnumarkaðinn með ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit. Hvetja til virkni og benda á úrræði.
- Vera í góðu samstarfi og samskiptum við önnur þjónustuúrræði og bæjarfélög á Suðurlandi sem þjónusta einnig þann hóp sem nýtir sér úrræði Stróks.
- Þjóða upp á námskeið fyrir fólk ef erlendum uppruna.
- Þjóða upp á reglulega handleiðslu og fræðslu fyrir starfsfólk Stróks.
- Þjóða upp á einstaklingsmiðaða ráðgjöf til að auka virkni hjá hverjum og einum.
- Þjóða upp á viðtalstíma við félaga
- Þjóða upp á hádegismat á kostnaðarverði. Félagar aðstoða við matargerð.

## ***Lykiláherslur***

- Styðja við bataferli notenda sem eiga við geðræn vandamál að stríða og/eða búa við félagslega einangrun.
- Taka vel á móti nýjum félögum og hvetja þá til að taka virkan þátt í starfi Stróks.
- Leggja sérstaka áherslu á að atvinnuleitendur sæki í virkni til Stróks.
- Góð samskipti við félaga og þá sem koma að starfi Stróks.
- Gott flæði upplýsinga á milli Stróks og annarra þjónustuaðila.
- Tryggja faglegt starf Stróks með fræðslu til starfsmanna og handleiðslu.

Með vinsemd og virðingu,



*Fjóla Einarsdóttir*

*Forstöðumaður Klúbbsins Stróks*

*Skólavöllum 1, 800 Selfoss*

*Netfang: [fjola@strokur.is](mailto:fjola@strokur.is)*

*Sími: 482-1757/690-9690*